

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. mars 2012
Tilvísun: UST20120300043/bs

Lagning heitavatnspípu frá Reykjum í Húnavatnshreppi um Blönduósbæ, Skagabyggð og að Skagaströnd, Sveitarfélaginu Skagaströnd - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hér er um að ræða lagningu aðveitupípu frá Reykjum að Blönduósi 14 km að lengd og lagningu aðveitupípu frá Blönduósi til Skagastrandar 21 km að lengd. Á lagnaleiðinni verða byggð þrjú stjórnhús og dælstöðvar 25 m² til 130 m² að flatarmáli. Aðveitupípan verður grafin niður.

Í tilkynningarskýrslu kemur eftirfarandi fram um áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufarar

Vatnafar: "Heitavatnspípan verður grafin í jörð og mun lagning hennar óhjákvæmilega raska botni flestra ána á meðan á framkvæmdum stendur.... Líkur eru á að ef allrar varúðar er gætt við framkvæmdina hafi hún einungis minniháttar staðbundin áhrif á viðkomandi vatnsföll og mest á meðan á framkvæmdum stendur."

Gróðurfar: "Pípulögnin milli Blönduóss og Skagastrandar mun liggja að stórum hluta um þegar raskað svæði.... en einnig mun lögnin liggja yfir mólendi, graslendi og deiglendi. Engar tegundir á válista né sjaldgæfar tegundir fundust á þeirri leið.... Áhrifasvæði framkvæmdarinnar liggur ekki um sjaldgæf eða verðmæt gróðurlendi."

Fuglalíf: "Ekki er talið að framkvæmdirnar komi til með að hafa áhrif á fuglalíf svæðisins nema rétt á meðan þær standa yfir."


Á áhrifasvæði framkvæmdarinnar er hvorki að finna jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd né verndarsvæði eða friðlönd.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Norðurlandi skoðaði aðstæður á vettvangi sl. haust. Í umsögn hennar eru ábendingar um að farið verði með gát þar sem lögnin verður lögð um votlendi/deiglendi og mikilvægi þess að verkið verði tekið út við lok framkvæmdarinnar

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson